



Skipulags- og umhverfisnefnd – 19.02.2015

64. fundur.

19. febrúar 2015 kl. 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Jóhanna Sif Sigþórsdóttir

Nanna Þórhallsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Sæþór Gunnsteinsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Þeistareykir. Breyting á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar.*
2. *Umhverfi Goðafoss. Deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi.*
3. *Illugastaðir. Deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi.*
4. *Arnstapi. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku.*
5. *Sexhólagil. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku.*
6. *Hraunkot 2 í Aðaldal. Umsókn um framlengingu á stöðuleyfi.*

1. Þeistareykir. Breyting á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar.
S20120101.

Erindi dags. 29. janúar 2015 frá Vali Knútssyni, yfirverkefnastjóra f.h. Landsvirkjunar þar sem óskað er eftir því að deiliskipulagsskilmálum stöðvarhúss Þeistareykjavirkjunar verði breytt í þá veru að heimiluð hámarkshæð verði 16.5 m í stað 15 m eins og kveðið er á um í gildandi deiliskipulagi Gerðar hafa verið breytingar á hönnun stöðvarhúss sem snúa einkum að hæð þess, þakhalla á vélarsölum og skýlum yfir aflspenna. Með þessum breytingum verður stöðvarhús um 1,5m hærra en kveðið er á um í deiliskipulagi.

Skipulags- og umhverfisnefnd telur að breyting þessi sé óveruleg með vísan í 2. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 og þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og framkvæmdaaðila er fallið frá grenndarkynningu sbr. ákvæði 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

Nefndarmenn samþykktu erindið á milli funda og staðfestu samþykki sitt í tölvupósti.

Sveitarstjórn staðfesti afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar á fundi sínum 12. febrúar s.l.

2. Umhverfi Goðafoss. Deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi.

S20140302.

Tekið fyrir að nýju. Lögð fram tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæðis vestan árinna og deiliskipulagi vegna nýrrar brúar yfir Skjálbandfljót við Fosshól, uppdrættir og greinargerð dags. 18. desember 2014, sem Landslag ehf og Gláma Kím hafa unnið fyrir Þingeyjarsveit og Vegagerðina.

Samhliða gerð deiliskipulags verða gerðar breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 er varða nýtt verslunar- og þjónustusvæði vestan árinna.

Lýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 var kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 3. desember til og með 17. desember 2014.

Innkomin ný gögn dags. 15. janúar 2015 frá Landslagi ehf, deiliskipulagsuppdrættir og deiliskipulagsgreinargerð. Einnig lagt fram breytingarblað dags. 14. janúar 2015 frá Hornsteinum arkitektum ehf vegna breytinga á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 er varðar skilgreiningu á nýju verslunar og þjónustusvæði vestan árinna.

Á síðasta fundi nefndarinnar var samþykkt að fela formanni nefndarinnar og skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna deiliskipulagstillöguna fyrir landeigendum áður en hún yrði tekin til formlegrar afgreiðslu í nefndinni.

Ekki tókst að ná saman fundi til að kynna landeigendum fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu og tillögu að breytingu á aðalskipulagi. Ábúendur á Ljósavatni, Kristín María Hreinsdóttir og Jón Björn Hreinsson, sendu inn greinargerð dags 21. janúar 2015 þar sem þau mótmæla hugmyndum að byggingu salernishúss í tengslum við bílastæðin vestan árinna. Í greinargerð þeirra kemur m.a. fram eftirfarandi:

„Við undirrituð förum því fram á að hið fyrirhugaða þjónustu og verslunarhúsnæði sem kemur fram ítrekað bæði í drögum að breytingum á aðalskipulagi og þá einnig deiliskipulagi verði alfarið tekið út úr þessum tillögum/drögum að breytingum á aðal- og deiliskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 og þar með einnig fjarlægð af meðfylgjandi teikningum það er að segja að sá hringur á uppdrætti/mynd af tillögum að aðalskipulagi/deiliskipulagi sem afmarkar þetta þjónustu- og verslunarsvæði, sem nær allt frá Fosshól í austri yfir á Hrótey í vestri verði fjarlægður af Hrótey.“

Skipulags og umhverfisnefnd færði eftirfarandi til bóka á síðasta fundi sínum 22. janúar s.l.:

„Vegna athugasemda frá ábúendum Ljósavatns samþykkir skipulags- og umhverfisnefnd að byggingarreitir vegna fyrirhugaðs salernishúss verði fjarlægður af deiliskipulagsupprætti og felur skipulags og byggingarfulltrúa að kynna tillöguna svo breytta fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um áður en hún verður tekin til afgreiðslu í sveitarstjórn. Því er ekki þörf á skilgreiningu á nýju verslunar- og þjónustusvæði með tilheyrandi breytingu á aðalskipulagi þar sem fyrirhugaður byggingarreitir verður felldur brott úr deiliskipulagi.“

Kynningarfundur eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um var haldinn á Fosshóli 17. febrúar s.l. Á fundinum kom fram óánægja fundarmanna með að ekki hefði náðst samkomulag við landeigendur um að gert yrði ráð fyrir salernishúsi við bílastæðin vestan árinna. Athugasemdirnar gáfu þó ekki tilefni til breytinga á tillögnum.

Skipulags- og umhverfisnefnd mælist til að inn í greinargerð deiliskipulagsins verði bætt eftirfarandi ákvæðum:

Umferð loftfara í sjónflugi (t.d. þyrluflug) sem truflað gæti heimamenn og gesti er óheimil innan skipulagssvæðisins án sérstaks leyfis. Undanskilið er þó leitar- og björgunarflug. Ákvæði þessi verði sett í samráði við viðkomandi stjórnvöld og stofnanir. Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að afla nauðsynlegra gagna til að framfylgja umræddum ákvæðum.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki að deiliskipulagstillagan svo breytt verði auglýst og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falin málsmeðferð vegna auglýsingarinnar eins og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um .

3. Illugastaðir í Fnjóskadal. Deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi S20131001.

Tekið fyrir að nýju erindi dags 25. september 2013 frá Ágústi Hafsteinssyni, arkitekt, fyrir hönd landeiganda, Alþýðusambands Norðurlands, þar sem óskað er eftir heimild til þess að fá að deiliskipuleggja svæði fyrir frístunda- og þjónustuhús í landi Illugastaða í Fnjóskadal skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Innkomin ný gögn 17. nóvember frá Arkitektastofunni Form ehf, Ágústi Hafsteinssyni, lýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna stækkunar á frístundabyggðinni á Illugastöðum í 38 ha en í gildandi aðalskipulagi er um 19.7 ha stórt svæði skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“.

Lýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 var kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 3. desember til og með 17. desember 2014.

Á síðasta fundi voru lögð fram til kynningar drög að deiliskipulagi dags. 12. desember 2014 frá Arkitektastofunni Form ehf, Ágústi Hafsteinssyni.

Innkomin gögn, breytingarblað dags 14. janúar 2014 frá Hornsteinum arkitektum ehf vegna breytinga á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 er varða stækkun á frístundabyggðinni á Illugastöðum.

Innkomin ný gögn 17. febrúar, tillaga að deiliskipulagi, uppráttur og greinargerð dags. 10. febrúar 2015 frá Arkitektastofunni Form ehf, Ágústi Hafsteinssyni

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna á þessu stigi að öðru leyti því að mælt er til þess að gert veri ráð fyrir salernishúsum í tengslum við tjaldsvæðin. Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna tillöguna fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 30. gr. fyrrgreindra laga áður en tillögurnar verða teknar til afgreiðslu í sveitarstjórn.

4. Arnstapi. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku.

S20150202

Erindi dags. 11 febrúar 2015 frá Magnúsi Björnssyni, verkefnisstjóra, f.h. Vegagerðarinnar þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 771/2012 til 3.000 m³ efnistöku úr efnisnámu við Arnstapa. Náman hefur verið notuð áður og gert er ráð fyrir að efni í malarslitlag verði tekið úr henni í framtíðinni þannig að ekki verður gegnið frá námunni að fullu að efnistöku lokinni. Jafnað verður úr henni og frágangur miðist við að efni verði haugsett þar til síðari nota. Ásvaldur Þormóðsson benti á hugsanlegt vanhæfi sitt við umfjöllun málsins, en nefndin taldi svo ekki vera.

Þar sem umrædd náma er á náttúruminjaskrá frestar nefndin afgreiðslu erindisins en felur skipulags- og byggingarfulltrúa að afla umsagnar Umhverfisstofnunar um það með vísan í eftirfarandi 3. mgr. 37. gr. laga um náttúruvernd:

„Óheimilt er að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema brýna nauðsyn beri til og sýnt þyki að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Skyrt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggja staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir.“

5. Sexhólagil. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku.

S20150101

Erindi dags. 11 febrúar 2015 frá Magnúsi Björnssyni, verkefnisstjóra, f.h. Vegagerðarinnar þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 771/2012 til 3.000 m³ efnistöku úr efnisnámu við Sexhólagil. Náman hefur verið notuð áður og gert er ráð fyrir að efni í malarslitlag verði tekið úr henni í framtíðinni þannig að ekki verður gegnið frá námunni að fullu að efnistöku lokinni. Jafnað verður úr henni og frágangur miðist við að efni verði haugsett þar til síðari nota.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið þar sem umrædd náma E-29 er skilgreind í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.

6. Hraunkot 2 í Aðaldal. Umsókn um framlengingu á stöðuleyfi.
S20150203

Erindi dags 16. Febrúar 2015 frá Ólínu Arnkelsdóttur í Hraunkoti 2 á Aðaldal þar sem hún sækir um endurnýjun á stöðuleyfi fyrir gámahús í Hraunkoti 2. Fyrra stöðuleyfi rann út um mánaðamót janúar-febrúar 2015.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir framlengingu á stöðuleyfi að hámarki til eins árs og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út leyfið. Vakin er athygli á því að stöðuleyfið verður ekki framlengt frekar.

Fleira ekki fært til bókar .

Fundi slitið.